

haf þess á fundi 8/14 97
af Akranes

Markaðsskrifstofa iðnaðarráðuneytisins
og Landsvirkjunar
b/t Garðars Ingvarssonar
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK


Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 1441
komudagur 8 / 14 1997


Efni: Stóriðja við Grundartanga - beiðni um skipan samráðsnefndar.


Við er til fundar, sem haldinn var á Akranesi þann 5. október s.l. varðandi ofangreint, en þá var m.a. gerð grein fyrir stöðu mála varðandi þann möguleika að álver verði byggt á Grundartanga í næstu framtíð.


Sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar eru sammála um að tilnefna undirritaða forsvarsmenn sveitarfélaganna í samstarfshóp um þau málefni, sem varða sameiginlega öll sveitarfélögin. Málefni, sem að lögum snúa sérstaklega að einstökum sveitarfélögum, verður að ræða við fulltrúa viðkomandi sveitarfélaga í samstarfshópnum eða viðkomandi sveitarfélög beint.


Akranesi, 20. október 1995.


Marinó Tryggvason
oddviti Skilmannahrepps


Anton Ottesen
oddviti Innri-Akraneshrepps


Jón Valgarðsson
oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps


Gísli Gíslason
bæjarstjóri á Akranesi


Sigurður Valgeirsson
oddviti Leirár- og Melahrepps



Iðnaðarráðherra,
hr. Finnur Ingólfsson,
Amarhvoli,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness, sem haldinn var þann 12. janúar síðastliðinn var m.a. samþykkt eftirfarandi ályktun vegna fyrirhugaðrar byggingar álvers við Grundartanga:

"Bæjarstjórn Akraness hefur ásamt sveitarfélögum sunnan Skarðsheiðar haft áhuga á því að á Grundartanga byggðist upp iðnaðarsvæði, sem styrkja myndi atvinnulíf á svæðinu. Svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar var unnið á árunum 1989-1993. Skipulagið var auglýst og kynnt íbúum svæðisins með lögformlegum hætti og í framhaldi af því samþykkt af viðkomandi sveitastjórnunum. Umhverfisráðherra staðfesti síðan skipulagið með undirritun þann 26. apríl 1994 eftir að skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri höfðu mælt með samþykkt þess. Í svæðisskipulaginu er gert ráð fyrir að á Grundartanga verði svæði fyrir stóriðju og orkufrekan iðnað. Í samræmi við það hefur hafnarstjórn Grundartangahafnar, með vitund og vilja eignaraðila hafnarinnar, kynnt kosti svæðisins fyrir slíka starfsemi.

Grundartangi hefur marga kosti sem iðnaðarsvæði, sem æskilegt er að nýta skynsamlega og án þess að dregið sé úr kröfum um varnir gegn mengun. Í helstu forsendum svæðisskipulagsins kemur m.a. fram að þegar tekin er afstaða til nýrra fyrirtækja á svæðinu þá skuli þess gætt að starfsemin valdi ekki spjöllum á náttúru svæðisins og að framkvæmdir séu felldar vel að landi og umhverfi. Varðandi fyrirhugað álver á Grundartanga er ljóst að bygging þess og starfræksla mun hafa mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf sunnan Skarðsheiðar. Bæjarstjórn Akraness hefði kosið að iðnaðarráðuneytið og aðrir, sem að því máli hafa komið hefðu haft samráð við öll sveitarfélög sem næst starfssvæði álversins liggja um framkvæmd málsins. Það hefur ekki verið gert og verður að telja miður. Þrátt fyrir þennan annmarka, leggst bæjarstjórn Akraness ekki gegn framkvæmd þessari, enda verði betur gætt samráðs í þeirri vinnu sem eftir er og hvergi slegið af eðlilegum kröfum um varnir gegn mengun og óæskilegum umhverfisáhrifum. Er í því sambandi vísað til eftirfarandi samþykktar bæjarstjórnar Akraness og þeirra athugasemda, sem hún vill koma á framfæri um þá tillögu að starfsleyfi, sem fyrir liggur.



Athugasemdir bæjarstjórnar Akraness vegna draga að starfsleyfi fyrir álverksmiðju við Grundartanga.

Bæjarstjórn Akraness gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirleggjandi drög að starfsleyfi álverksmiðju Columbia Ventures Company, Grundartanga:

Bæjarstjórn Akraness tekur undir umsögn heilbrigðisnefndar Akranessvæðis um drög að starfsleyfinu, sem samþykkt var á fundi nefndarinnar þann 10. janúar s.l. og tölusett er frá 1 - 7 í bréfi nefndarinnar til Hollustuverndar ríkisins. Auk umsagnar heilbrigðisnefndar gerir bæjarstjórn Akraness eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar fyrirleggjandi draga að starfsleyfi:

Grein 1.3. Að mati bæjarstjórnar er ákvæðið ekki nægjanlega skýrt og er nauðsynlegt að kveða fastar að orði m.a. um skyldu Hvr og HAs um að sjá um að úrbætur verði gerðar ef fram koma skaðleg áhrif af starfsemi álversins, sem ekki voru áður ljós. Þar er einnig nauðsynlegt að kveða á um ábyrgð fyrirtækisins á skaðabótum eða úrbótum vegna þess tjóns, sem orðið hefur og að án tafar verði komið í veg fyrir frekara tjón.

Grein 1.4. Við stækkun álversins úr 60.000 tonnnum í allt að 180.000 tonn á að vera eðlilegur þáttur málsins að yfirfara starfsleyfið og meta ýmis áhrif starfseminnar, en ekki að binda það við vilja annað hvort álfyrirtækisins eða Hollustuverndar.

Grein 1.7. Eðlilegt er að álfyrirtækið tilnefni ekki aðeins fulltrúa, sem ber ábyrgð á mengunarvörnum innan fyrirtækisins heldur ætti einnig að vera eðlilegur þáttur starfseminnar að fyrirtækið skili bæði Hollustuvernd og heilbrigðisefirliti svæðisins afriti af skipulagi fyrirtækisins í mengunarvörnum og með hvaða aðgerðum því skipulagi er fylgt.

Grein 1.9. Nauðsynlegt er að skilgreina þynningarsvæði vegna lofmengunar betur.

Grein 2.1.7. Setja þarf strangari ákvæði um að fyrirtækið dragi úr útblástursmengun ef það fer umfram viðmiðunarmörk greinar 2.1.6. og að fyrirtækið sé ábyrgt fyrir hugsanlegu tjóni sem hljótast kann af því að starfsleyfinu sé ekki fylgt. Orðalag greinarinnar um að Hvr sé heimilt að krefjast aðgerða til úrbóta er of ómarkvisst, en eðlilegra er að kveða þannig að orði að Hvr sé skylt að fylgja ákvæðum laga nr. 81 frá 1988, sbr. lög 28 frá 1990 og að sjá um að úrbætur verði gerðar án tafar.

Grein 2.2.3. og 2.2.4. Varðandi frárennismál álfyrirtækisins þarf að binda skilyrðum um að kælivatnskerfi verksmiðjunnar verði lokað kerfi og að tryggt verði að frárennslí frá verksmiðjunni valdi ekki mengun eða skaða á lífríki í Hvalfirði. Tryggja þarf mælingar á efnum í fráveitu fyrirtækisins þannig að viðmiðun í grein 2.2.4. sé innan marka.



Grein 2.3.2. Um almenna förgun fastra efna í fjörunni er nauðsynlegt að skilgreina mun betur þau efni sem heimilt verður að farga, það svæði sem heimilt verður að nota til förgunar, hvernig aðgangi að svæðinu skuli háttað og að binda slíka förgun skilyrðum um að hún valdi ekki mengun. Gera þarf ráð fyrir samráði við Hvr, HAs, hafnaryfirvöld og samþykki sveitarstjórnar.

Grein 2.3.4. Nauðsynlegt er að kveða svo á um í greininni að óheimilt sé að skila spilliefnum frá starfseminni á annan stað en til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Grein 3.1. Mælingar á kælivatni þurfa að vera til að byrja með mun tíðari en tvisvar á ári. Einnig kann að vera nauðsynlegt að krefjast aukinnar tíðni annarra mælinga.

Grein 3.4. Í greininni er kveðið á um ábyrgð álfyrirtækisins á mælingum. Tryggja þarf ábyrgð og eftirlitsskyldu Hollustuverndar og heimildar Hvr og HAs til skoðunar á einstökum þáttum. Setja á ótvírætt skilyrði um varðveislu allra mælinga og skráningarblaða og beinlínis banna eyðingu þeirra.

Grein 4.3. Tilkynningaskylda um bilun eða stöðvun þurrhrensibúnaðar á að vera orðuð þannig að tilkynningu skuli senda án tafar, en þó eigi síðar ef sérstök atvik valda innan 12 tíma frá stöðvun. Í sömu grein er talað um að Hvr. sé heimilt að krefjast úrbóta ef mengun vegna bilunar eða stöðvunar fer umfram meðaltal. Þarna á að sjálfsögðu að vera skylda Hvr. að krefjast úrbóta og enn verður að gera fyrirvara um úrbætur vegna hugsanlegs tjóns.

Grein 5. Bæjarstjórn Akraness gerir að sérstöku skilyrði að kveðið verði á um nauðsynlegar mælingar á jaðarsvæðum vatnsverndarsvæðis á Akrafjalli vegna nálægðar álversins við vatnsból Akurnesinga og að þær mælingar hefjist nú þegar þannig að þær nýtist til samanburðar síðar ef á þarf að halda. Mælingar verði samkvæmt áætlun Hvr og HAs og framkvæmdar af þeim aðilum eða öðrum hæfum aðila. Kostnaður skal greiddur af álfyrirtækinu sbr. grein 6.1 og 6.2.

Bæjarstjórn Akraness telur nauðsynlegt að farið verði að tillögu skipulagsstjóra ríkisins frá 19. febrúar 1996 um athuganir og mælingar, en þær eru tilgreindar í 15 liðum á blaðsíðu 33 í úrskurði skipulagsstjóra um mat á umhverfisáhrifum vegna álvers við Grundartanga.

Þá telur bæjarstjórn Akraness nauðsynlegt að Hollustuvernd ríkisins láti vinna sérstaka athugun á því hvað Grundartangasvæðið þoli mikla starfsemi með tilliti til þynningarsvæðis loftmengunar.



Almenn samþykkt bæjarstjórnar Akraness vegna fyrirhugaðrar byggingar álvers á Grundartanga.

Bæjarstjórn Akraness vekur sérstaka athygli á því og gerir um það eindreginn fyrirvara varðandi starfsemi á svæðinu, að vatnstökumál á svæðinu sunnan Skarðsheiðar eru óleyst. Er í því efni tekið undir ályktun heilbrigðisnefndar Akranessvæðis að starfsleyfi nýrrar álverksmiðju verði ekki gefið út og framkvæmdir við það ekki hafnar fyrr en samkomulag hefur náðst milli sveitarfélaga á svæðinu, ríkisins og álfyrirtækisins um lausn á þeim málum þannig að vatnstaka vegna núverandi byggðar sunnan Skarðsheiðar verði tryggð. Bæjarstjórn samþykkir að vekja sérstaka athygli félagsmálaráðuneytisins á þessu atriði.

Bæjarstjórn Akraness beinir þeirri áskorun til Hollustuverndar ríkisins að tekjur af mengunareftirliti við iðnaðarfyrirtæki við Hvalfjörð og á Akranesi verði látnar standa undir starfi eftirlitsmanns á svæðinu sunnan Skarðsheiðar, sem annist virkt mengunareftirlit með starfsemi þeirra fyrirtækja, sem greiða slíkt eftirlitsgjald. Er þar m.a. um að ræða fyrirtæki eins og hið nýja álver, Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, Hvalstöðina, Ólíustöðina í Hvalfirði, olíubirgðastöð NATO í Hvalfirði, Sementsverksmiðjuna og loðnubræðslu Haraldar Böðvarssonar hf. Bæjarstjórn telur nauðsynlegt að málum verði hagað með þessum hætti þannig að eftirlit með mengun verði sem best.

Bæjarstjórn Akraness telur að rannsóknir á mengunaráhrifum nýs álvers á Grundartanga séu ekki eins ítarlegar og æskilegt væri, sérstaklega veðurrannsóknir, svo sem fram kemur í mati á umhverfisáhrifum vegna byggingar álvers á Grundartanga, sbr. kafla 6.4. Þó hætta á mengun vatnsból Akranesinga sé ekki talin mikil er hún þó fyrir hendi. Af þeim sökum er Akraneskaupstað nauðsyn á að hefja rannsóknir og undirbúningsvinnu til öflunar nýrra vatnsbóla til að tryggja vatnsréttindi, sem hægt væri að virkja með skömmum fyrirvara. Þessi vinna og öflun nýrra vatnsréttinda hefur óhjákvæmilega í för með sér mikinn kostnað og áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til að krefja álfyrirtækið og/eða íslenska ríkið um þennan kostnað. Bæjarstjórn Akraness samþykkir að óska þegar eftir viðræðum við fulltrúa ríkisins, fulltrúa sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar og fulltrúa álfyrirtækisins um framgang þessarar vinnu og hvernig staðið verði að framkvæmdum varðandi málið.

Bæjarstjórn Akraness leggur þunga áherslu á eftirfarandi:

Vatnsbói Akraneskaupstaðar er í næsta nágrenni við fyrirhugað álver.

Ef í ljós kemur að forsendur þær er liggja að baki mati á umhverfisáhrifum og veitingu starfsleyfis reynast ekki réttar og það hafi í för með sér að vatnið úr vatnsbólunni verði óhæft til neyslu, jafnt fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þ.e.a.s. að bæjarfélagið geti ekki sinnt þeirri grundvallar skyldu að sjá einstaklingum og fyrirtækjum í bænum fyrir góðu neysluvatni, mun það hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Kaupstaðurinn yrði að leita nýrra vatnsbóla sem hefði í för með sér verulegan kostnað og tjón. Er því af hálfu bæjarins gerðar sérstakar kröfur um að mælingar fari fram í og við vatnsból bæjarins.



Komi hins vegar í ljós að vatnsbólið mengast frá álverinu þó svo að álfyrirtækið uppfylli það starfsleyfi, sem gefið verður út, þá áskilur Akraneskaupstaður sér rétt til skaðabóta fyrir öllu fjárhagslegu tjóni, beinu og óbeinu, úr hendi íslenska ríkisins.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Akraness tilkynnist yður hér með.

Akranesi, 13. janúar 1997.

Gíslí Gíslason bæjarstjóri.

Samrit sent:

- 1) Félagsmálaráðherra, hr. Páll Pétursson, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík.
- 2) Umhverfissráðherra, hr. Guðmundur Bjarnason, Vonarstræti 4, 150 Reykjavík.
- 3) Iðnaðarráðherra, hr. Finnur Ingólfsson, Arnarhvoli, 150 Reykjavík.
- 4) Umhverfisnefnd Alþingis, Alþingishúsinu v/Austurvöll, 150 Reykjavík.
- 5) Þingmenn Vesturlands.
- 6) Columbia Ventures Corporation.
- 7) Sveitarfélög sunnan Skarðsheiðar.

Fréttatilkynning

Að undanförmu hefur talsverð umræða átt sér stað um staðsetningu álvers á Grundartanga. Þar sem nokkuð skortir á að dregin hafi verið fram ýmis sjónarmið sem málið varðar þá vilja Akraneskaupstaður, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðarstrandahreppur og Leirár- og Melahreppur, koma eftirfarandi á framfæri:


Um margra ára skeið hafa sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar staðið sameiginlega að því að vekja athygli á kostum þess að staðsetja orkufrekan iðnað á Grundartanga. Landrými er þar gott, raforkuvirki fyrir hendi og góð hafnaraðstaða sem auðvelt er að bæta enn frekar auk þess sem Hvalfjarðargöng munu stækka til muna það atvinnusvæði, sem sem þjónað getur iðnfyrirtækjum á svæðinu. Á árunum 1989 til 1994 var unnið vandað svæðisskipulag fyrir sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar m.a. til þess að undirbúa svæðið á Grundartanga fyrir orkufrekan iðnað. Skipulag þetta var að undangenginni kynningu og auglýsingu, samþykkt af viðkomandi sveitarstjórnnum og staðfest af umhverfisráðherra eftir að skipulagsstjóri ríkisins og skipulagsstjórn ríkisins höfðu mælt með samþykkt þess. Í svæðisskipulaginu er tekið á málum varðandi landbúnað, ferðaþjónustu, sumarbústaðabyggðar, uppbyggingu útivistarsvæða og margt fleira auk þess sem svæðið á Grundartanga er skipulagt fyrir orkufrekan iðnað. Með vísan til þessa á það ekki að koma neinum á óvart að áform séu uppi um byggingu stóriðju á Grundartanga.


Sveitarfélögin sunnan Skarðsheiðar leggja áherslu á jákvætt viðhorf til staðsetningar álvers á Grundartanga og telja æskilegt að nýta Grundartangasvæðið skynsamlega í samræmi við fyrirliggjandi svæðisskipulag og tillögu að deiliskipulagi. Sveitarfélögin hafa ennfremur ályktað að ekki verði dregið á nokkurn hátt úr kröfum um varnir gegn mengun. Framþróun atvinnulífs á svæðinu á næstu árum ræðst að stóru leiti af því að öflug uppbygging iðnaðar eigi sér stað á grundvelli þess, sem sveitarfélögin hafa undirbúið um leið og þess er gætt að starfsemin valdi ekki spjöllum á náttúru svæðisins og að framkvæmdir við iðjuver verði felldar vel að landi og umhverfi. Verði af byggingu álvers á Grundartanga, stækkun Járnblendiverksmiðjunnar eða af öðrum orkufrekum iðnaði á svæðinu mun slíkt leiða til fjölgunar íbúa og nýrra atvinnutækifæra, sem


mun hafa jákvæð áhrif á atvinnulíf sunnan Skarðsheiðar og í nágrenni þess svæðis og snúa við þeirri þróun sem barist hefur verið gegn á liðnum árum. Því hafa sveitastjórnirnar sunnan Skarðsheiðar stuðlað að því að áform um iðjuver á Grundartanga nái fram að ganga.


Með vísan til framangreinds og á grundvelli fyrri ályktana munu sveitastjórnirnar sunnan Skarðsheiðar; Akraneskaupstaður, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðarstrandahreppur og Leirár- og Melahreppur vinna áfram að því markmiði að orkufrekum iðnaði verði valinn staður á Grundartanga. Sveitarfélögin munu standa saman að lausn þeirra mála sem þarfnast úrlausnar við til þess að saman fari öflug starfsemi á svæðinu og skynsamleg nýting þess.


Akranesi 27. janúar 1997


Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi


Anton Ottesen, oddviti
Innri- Akraneshrepps


Marínó Tryggvason, oddviti
Skilmannahrepps



Jón Valgarðsson, oddviti
Hvalfjarðarstrandahrepps



Sigurður Valgeirsson, oddviti
Leirár- og Melahrepps.


Hér með lýsa Akraneskaupstaður, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðastrandahreppur og Leirár- og Melahreppur yfir vilja sínum til að vinna að neðangreindum málum á þann hátt sem þar er lýst:


1. Sveitarfélögin eru sammála um að leita eftir því við iðnaðarráðuneytið að ráðuneytið láti rannsaka í samvinnu við sveitarfélögin og í samræmi við fyrirbyggjandi svæðisskipulag hvaða kostir eru fyrir hendi varðandi framtíðar vatnsveitu fyrir sveirafélögin. Rannsóknunum verði ætlað að leiða í ljós hvar hagkvæmast er að afla vatnsréttinda sem nýst gætu fyrir framtíðar uppbyggingu á Grundartangasvæðinu og fyrir vatnsveitu hreppanna sunnan Skarðsheiðar og Akraneskaupstað. Með yfirlýsingu þessari er það vilji sveitarfélaganna að undirbúa samkvæmt nánara samkomulagi sameiginlega vatnstöku þar sem rannsóknir leiða í ljós að hagkvæmast þyki og leggja stofnlögn vatnsveitu þar sem hentugt mun þykja og samkomulag verður um. Sveitarfélögin lýsa yfir vilja sínum til að vinna sameiginlega að lausn þessara mála, gera um einstaka þætti nánara samkomulag og grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að tryggja framgang málsins á hverjum tíma.
2. Sveitarfélögin eru sammála um að gera þurfi breytingar á stjórnskipulagi Grundatangahafnar. Sveitarfélögin lýsa yfir vilja sínum um að fenginn verði aðili á grundvelli 4.tl.33.greinar hafnalaga til að gera úttekt á því hvernig rekstri og stjórnun Grundatangahafnar verði best fyrir komið til framtíðar þannig að höfnin nýtist sem best til atvinnuuppbyggingar á Grundartanga og í nágrenni. Skoðaðir verði kostir og gallar samrekstrar hafna á svæðinu, en stefnt að því að niðurstaða úttektarinnar verði nýtt sem grundvöllur að nýju stjórnskipulagi, sem taki gildi á miðju ári 1998 þegar sveitastjórnarkosningar hafa farið fram.


Akranes 27. janúar 1997


Gísli Gíslason, bæjarstjóri á Akranesi


Anton Ottesen, oddviti
Innri Akraneshrepps


Marínó Tryggvason, oddviti
Skilmannahrepps


Jon Valgarðsson, oddviti
Hvalfjarðarstrandahrepps


Sigurður Valgeirsson, oddviti
Leirár- og Melahrepps

Staðreyndir um álver og umhverfismál

Þjóðhagsleg áhrif

Ef álver Colombia rís á Grundartanga telur iðnaðarráðuneytið að hagvöxtur á byggingartímanum næstu tvö ár muni aukast um 0,9%, 600 manns fái vinnu vegna framkvæmdanna og fjárfesting vegna þeirra verði 12 milljarðar króna.

Í lengd mun landsframleiðsla aukast um 0,7 prósent, um það bil 200 varanleg störf skapast beint og að minnsta kosti 400 óbeint. Árlegur útflutningur mun aukast um 6,3 milljarða og viðskiptajöfnuður batna um 0,3 prósent.

Reynsla Íslendinga

Sú stækkun sem nú á sér stað í álverinu í Straumsvík vitðist falla í góðan jarðveg hjá því fólki sem býr nálægt Straumsvík enda hefur það reynslu af nábylinu.

Fólk sem vinnur við stóriðju vitðist láta sér vel líka. Fimm fyrstu starfsmenn álversins í Straumsvík starfa þar enn, eftir rúm 30 ár. Meðalstarfsaldur í fyrirtækinu er 19 ár, sem er mjög hátt hjá fyrirtæki sem þó er ekki eldra.

Þetta skýrist að nokkru leyti af laununum, en mánaðarlaun iðnaðarmanna hjá álverinu fyrir dagvinnu eru að meðaltali rúmlega 171 þúsund krónur. Aðrir iðnaðarmenn á höfuðborgarsvæðinu fá um 120 þúsund króna mánaðarlaun að meðaltali fyrir dagvinnu samkvæmt upplýsingum frá Kjararannsóknarnefnd.

Meðalárslaun iðnaðarmanna hjá Íslenska járnblendifélaginu á Grundartanga eru um 2,7 milljónir króna, en mánaðarlaun fyrir dagvinnu rúmlega 160 þúsund.

Önnur sérstaða stóriðjufyrirtækjanna felst í því að launamunur kynjanna er hverfandi og sá sem fyrir hendi er skýrist mest á öþrifálagi og slíku, sem frekar fylgja hefðbundnum karlastörfum en kvennastörfum. Á Grundartanga eru starfskonur í mötuneyti á sama taxa og verkamenn í verksmiðjunni.

Ekki slæmir vinnustaðir

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnueftirlitinu eru ný álver sem vandað er til alls ekki slæmir vinnustaðir með tilliti til atvinnusjúkdóma þó að vitaskuld sé hægt að finna ákveðna fylgni með vissum tegundum öndunarsjúkdóma og vinnu í álveri. Kunnáttumenn telja að slíka fylgni sé líka hægt að finna í landbúnaði og fleiri hefðbundnum íslenskum atvinnugreinum, þó að ekki liggi fyrir nægilega ítarlegar rannsóknir þar að lútandi.

Hér á landi eru í gildi reglur um flest svið vinnuverndarmála. Vinnueftirlit ríkisins lítur svo á, að nýtt álver á Grundartanga muni lúta þessum reglum.

Stjórn Vinnueftirlitsins hefur nú til umfjöllunar tillögu um lækkun mengunarmarkna fyrir flúor í andrúmslofti starfsmanna úr 2,5 niður 0,6 milligrömm á rúmmetra, mælt sem meðalstyrkur yfir 8 stunda vinnudag. Með þessu er ætlunin að auka enn vernd þeirra starfsmanna sem vinna í álverinu í Straumsvík og nýjum álverum sem kunna að rísa.

Umhverfisvernd á sér ekki landamæri

Ríó-samningana hefur oft borið á góma í umræðum undanfarinna daga. Í Ríó voru undirritaðir tveir samningar. Einnig voru undirritaðar þrjár yfirlýsingar. Ríóyfirlýsingin, framkvæmdaáætlunin Dagskrá 21 (Agenda 21) og yfirlýsing um verndun skóga.

Samningurinn um loftslagsbreytingar felur ekki í sér skuldbindingu um að koldíoxíðlosun verði ekki meira árið 2000 en árið 1990. Hann felur hins vegar í sér að við eigum að setja okkur það markmið. Okkur ber að skila skýrslu til skrifstofu samningsins um aðgerðir sem við hyggjumst grípa til með það fyrir augum að ná því markmiði. Samningurinn gerir ráð fyrir að ríki geti unnið að þessu sameiginlega. Einnig að tekið sé tillit til aðgerða sem draga úr gróðurhúsalofttegundum í andrúmslofti, t.d. uppgræðslu og skógrækt.

Lóð á vogarskálina

Bygging raforkuvers hér á landi er lóð á vogarskál umhverfisverndar í heiminum því sú raforka sem hér verður notuð til að framleiða ál er framleidd að mestu leyti með vatnsafli sem skilar engum koltvísýringi í andrúmsloftið. Með því að loka álveri sem notar orku frá kolakyntu orkuveri og byggja jafnstórt álver hér minnkar útblástur koltvíoxíðs (CO₂) um allt að 90 prósent. Ef við skoðum álverið í Straumsvík í þessum samanburði þá myndast rúmlega 1,7 tonn af koltvíoxíði við hvert framleitt tonn af áli en ef rafmagnnið væri framleitt með kolum, myndi hvert tonn af áli mynda 17 tonn af koltvíoxíði.

Við álframleiðslu er ekki um aukna losun koltvíoxíðs af völdum innlendrar neyslu að ræða þar sem öll framleiðslan er flutt á erlendan markað og meðal annars notuð til að framleiða léttari bíla og eyða minni orku og gefa frá sér minna koltvíoxíð.

Í Ríó var einnig fjallað um verndun andrúmsloftsins í framkvæmdaáætluninni Dagskrá 21, sem er yfirlýsing semskuldbindur okkur ekki en felur í sér engu að síður síðferðilegar skuldbindingar. Þar segir í níunda kafla: *Áhersla er lögð á að virkja og stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegra orkugjafa, m.a. með því að dreifa orku frá slíkum orkugjöfum. Hvatt er til aukinnar orkunýtni og kveðið á um að iðnaður verði frekar byggður þar sem völ er á umhverfissvænum orkugjöfum.*

Í Voerde, nálægt Duisburg í Þýskalandi, er álver sem fékk verðlaun á umhverfisverndardegi Sameinuðu þjóðanna árið 1991 fyrir góðan árangur á sviði umhverfismála. Kunnáttumenn fullyrða að til þess álvers sem nú er talað um að reisa á Grundartanga verði gerðar meiri kröfur á flestum ef ekki öllum sviðum umhverfismála.

Helsta ástæðan fyrir því að þökkalegur árangur hefur náðst í þessu sambandi í Evrópu má rekja til allra iðjuveranna í gömlu austantjaldsríkjunum, þar sem allt var yfirfullt af óarðbærum, spúandi verksmiðjum með engum mengunarvörnum sem hefur verið lokað af hagkvæmniástæðum ekki síður en umhverfisástæðum.

3. Losun mengunarefna frá álveri á Grundartanga

Útblástur mengunarefna frá álveri á Grundartanga verður í samræmi við PARCOM Recommendation 94/1 um bestu tækni fyrir álver með þurrhrensibúnaði. Þar er gert ráð fyrir að heildarmagn flúoríðs í útblæstri verði undir 0,6 kg/tonn af framleiddu áli og að ryk verði minna en 1 kg/tonn af framleiddu áli. Sérstaklega skal bent á að gaskennt flúoríð (HF), sem talið er hættulegast fyrir gróður, verður líklega innan við helmingur þessa útblástur sé miðað við rekstrarforsendur framleiðanda tækjanna og ábyrgðir framleiðanda hrensibúnaðarins. Heildarflúoríðútblastur frá 180.000 tonn/ár álveri er því innan við 110 tonn/ár og gaskennt flúoríð líklega um 50 tonn/ár. Fyrir fyrsta áfangann (60.000) er áætlaður útblástur flúoríða því 36 tonn/ár og gaskennt flúoríð um 17 tonn/ár.

Ryk í útblæstri og upp um þak kerskála, er einkum áloxið með nokkru flúoríði. Það má verða að hámarki um 180 tonn fyrir 180.000 tonna álver eða um 60 tonn fyrir fyrsta 60.000 tonna áfangann. Hætta á verulega auknum útblæstri flúoríða og ryks er lítil. Reykhrensibúnaður er hannaður úr nokkrum samhlíða einingum og full virkni er miðuð við að alltaf sé ein eining ekki í sambandi vegna viðhalds eða hreinsunar. Ef tvær einingar bíla er samt mikill meirihluti hrensibúnaðarins enn virkur og hreinsivirkni verður yfir 85% af hönnunarkvæmi.

Samanburður á hámarki leyfilegra mengunarefna í útblæstri væntanlegs 180.000 tonn/ár álvers á Grundartanga við núverandi álver í Straumsvík er sýndur í töflu 1. Eingöngu síðustu ár og væntanleg stækkun í Straumsvík eru samanburðarhæf þar sem áður var ekki nægilega skilvirkur hrensibúnaður til staðar í álverinu í Straumsvík.

Tafla 1. Áætluð losun mengunarefna frá álframleiðslu í Straumsvík og á Grundartanga

Ár	Framleitt ál (tonn)	Flúoríð (kg/tonn ál)	Flúoríð (tonn)	Ryk (tonn)	Brennisteinstvíoxíð (tonn)
Straumsvík					
1992	90045	1,05	95	70	1558
1993	94152	1,30	122	49	1610
1994	98595	1,41	139	50	1680
				(leyft 296)	(leyft 2070)
Leyft í ISAL eftir stækkun					
1998	170000	1,20	204	255	3570
				(áætlað 100)	(áætlað 2550)
Grundartangi					
1999	60000	0,6	36	60	1260
20xx	180000	0,6	108	180	3780

Miðað við reynslu undanfarinna ár þá hefur gaskennt flúoríð verið milli 80 og 90% flúoríða sem fara út í andrúmsloftið frá álverinu í Straumsvík, en eins og áður segir er

gaskennt flúoríð áætlað innan við helmingur flúoríða frá álveri á Grundartanga. Reynsla frá álverinu í Straumsvík sýnir að rykmengun hefur verið mjög lítil. Framleiðendur þess búnaðar sem notaður verður á Grundartanga hafa ekki treyst sér til að ábyrgjast að rykmengun verði jafn lítil og náðst hefur í álverinu í Straumsvík. Það skal tekið fram að Íslenska álfélagið h.f. stefnir að því að flúormengun í kg/tonn ál minnki á næstu árum og þá verður sá munur sem hér kemur fram ekki lengur til staðar í sama mæli.

Föstum úrgangi verður komið fyrir í flæðigryfju við sjó á sambærilegan hátt og við Straumsvík undanfarna áratugi. Magn þessa úrgangs fer minnkandi með lengri líftíma kera, stærri kerum, betri nýtingu hráefna og aukinni endurvinnslu. Fyrstu árin myndast litill fastur úrgangur sem fer í kerbrotagryfjur, en síðar má áætla að nokkur þúsund tonn á ári falli til sem fari í kerbrotagryfjur. Helstu efnisþættir eru kerbrot, þ.e. múrsteinar og skautleifar, óendurvinnanlegur álsori, kola- og súrálstryk, auk byggingarúrgangs.

4. Áhrif mengunarefna í umhverfinu.

Fylgst hefur verið með flúoríðmengun frá álverinu í Straumsvík, í gróðri á völdum sýnatökustöðum, frá árinu 1968 og fara þær mælingar enn fram með sambærilegum hætti. Gert er ráð fyrir sambærilegri mæliáætlun vegna álversins á Grundartanga. Mynd 1 er tekin úr árskýrslunni 1995 þar sem eru sýndar niðurstöður mælinga og þær bornar saman við fyrri ár. Eins og sést á myndinni þá er sá meðalflúoríðstyrkur sem mælist á sýnatökustöðunum árin 1992 til 1995 sambærilegur við meðalflúoríðstyrk sem mældist 1968 áður en framleiðsla hófst. Breytingar vegna aukins flúoríðsútblástur frá Straumsvík vegna breytinga í framleiðslugetu síðustu ára hafa eingöngu komið fram á þeim stöðum sem næst eru álverinu. Þar sem heildarflúoríðútblástur frá álveri á Grundartanga verður um helmingur þess sem kemur frá Straumsvík og gaskennt flúoríð væntanlega rúmlega fjórðungur þá verða sýnatökustöðvar fyrir gróður vegna vöktunar við Grundartanga að vera nærri iðnaðarsvæðinu, t.d. í 2 og 4 km radius, og síðan undan aðalvindáttum með Akrafjalli. Gert er ráð fyrir sýnatökustöðvum innar við Hvalfjörð og sunnan fjarðar. Miðað við renslu frá Straumsvík er ekki búist við að marktæk breyting á styrk flúoríðs mælist nema á mælistöðunum næst álverinu. Einnig er gert ráð fyrir að mæla flúor og fleiri þætti s.s. sýrustig og brennistein í yfirborðsvatni og úrkomu í nágrenni Grundartanga.

Hollustuvernd ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar hafa mælt styrk flúoríðs og brennisteinstvíoxíðs í andrúmslofti á Hvaleyrarholti við Hafnarfjörð. Fyrst á vegum Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar frá 1989 til 1990, áður en endurbætur voru gerðar á mengunarvarnabúnaði, og síðar á vegum Hollustuverndar ríkisins, eftir endurbætur, frá október 1994 (með hléi fyrri parts árs 1996). Styrkur flúoríðs fór yfir norsk viðmiðunarmörk 2 sólarhringa á öllu mælitímabilinu árið 1990, en meðalstyrkur flúoríðs og brennisteinstvíoxíðs var langt undir viðmiðunarmörkum. Frá október 1994 hafa staðið yfir mælingar á Hvaleyrarholti að nýju. Styrkur hefur mælst langt undir viðmiðunarmörkum allan tímann.

Miðað er við að sett verið upp ein föst mælistöð við Grundartanga vestan við iðnaðarsvæðis til að fylgjast með loftmengun til langs tíma, auk annarra stöðva vegna bakgrunnsmælinga.

Gerð hefur verið dreifingarspá fyrir loftmengun frá iðnaðarsvæðinu á Grundartanga miðað við aukna starfsemi þar með álveri og hugsanlega stækkun járnblendiverksmiðjunnar. Út frá henni er ljóst að flúoríð mun dreifast í litlu magni út fyrir sjálft iðnaðarsvæði. Það er helst lítið svæði norðvestan við iðnaðarsvæðið þar sem flúoríð getur orðið yfir viðmiðunarmörkum eftir að stækkun í 180.000 tonn hefur átt sér stað. Fylgjast þarf sérstaklega með flúoríði í gróðri þar.

Sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs er nú yfir íslenskum viðmiðunarmörkum á nokkuð stóru svæði samkvæmt mælingum sem gerðar hafa verið á Grundartanga og útreikningum Verkefræðistofunnar Vatnaskil byggðum á þeim mælingum. Þessi mörk er sett með tilliti til viðkvæms gróður. Áhrif álvers á Grundartanga á stærð þessa svæðis eru lítil sem engin. Hins vegar mun ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs vestan og suðvestan iðnaðarsvæðisins aukast með tilkomu álversins. Svæðið þar sem ársmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs fer yfir viðmiðunarmörk verður hins vegar minna en það svæði sem nú er yfir viðmiðunarmörkum miðað við sólarhringsmeðaltal.

Kannað hefur verið af Líffræðistofnun Háskólans hvort mengun frá flæðigryfjum fyrir fastan úrgang hefði áhrif á lífríkið í sjónum við Straumsvík. Ekki greindust nein áhrif í þeirri könnun sem fram fór, en frekari könnun er nú í gangi. Gert er ráð fyrir sambærilegri könnun við flæðigryfjur á Grundartanga. Jafnframt er fylgst með þeim möguleikum sem eru í aukinni endurnýtingu þessa úrgangs.

5 Bakgrunnsmælingar

Nú þegar Grundartangi hefur verið skilgreindur sem mesta stóriðnaðarsvæði landsins er nauðsynleg að fara yfir, endurtaka, og bæta við þær bakgrunnsmælingar á mengun sem þegar hafa farið fram á svæðinu. Galli við flestar þessar mælingar er að þær fóru fram aðeins einu sinni og lítil eða enginn samanburður hefur verið gerður. Þær reglulegu mælingar sem nú er áætlað að koma á við iðnaðarsvæðið eru: ryk, flúor, brennisteinn, og sýrustig í lofti, úrkomu, vatni og gróðri; lífríkisathuganir við kerbrotagryfjur og hávaðaúttektir. Til samanburðar við þessar mælingar þarf að gera ítarlegri bakgrunnsathuganir á þessum þáttum.

Auk þessara þátta, sem beint tengjast álverinu og reyndar líka járnblendiverksmiðjunni að stórum hluta, þá þarf að gera almennar grunnmælingar á svæðinu áður en meiri háttar breytingar eru fyrirhugaðar og bera þær saman við eldri mælingar þar sem þær liggja fyrir. Eðlilegt er að miða við að slíkur samburður sé endurtekinn að einhverju leyti þegar starfsleyfi er endurnýjað. Helstu þættir sem skulu athugaðir komu fram í mati á umhverfisáhrifum álvers á Grundartanga.



Umhverfisnefnd Alþingis,
Alþingishúsinu v/Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.

Efni: Vatnstökumál á svæðinu sunnan Skarðsheiðar.

Með vísan til beiðni umhverfisnefndar um að fá nokkrar upplýsingar um stöðu vatnsmála á svæðinu sunnan Skarðsheiðar m.t.t. hugsanlegs álvers á svæðinu, þá fer hér á eftir stutt greinargerð um þau mál.

Akraneskaupstaður tekur allt vatn til vatnsveitu Akraness úr Akrafjalli. Vatnið er geislað áður en það fer til neytenda og fyrirtækja. Hámarksnotkun er um 80-90 sek./lítrar og hefur heldur dregið úr notkun á köldu vatni á síðustu árum. Járnblendifélagið hefur fengið vatn til sinnar starfsemi frá Tungu í Svinadal. Að öðru leyti er ekki hægt að segja að vatnstaka sé skipuleg, en vatnsveita þjónar þó þéttbýliskjörnum í hreppunum sunnan Skarðsheiðar og lindir og brunnar eru notaðar til vatnstöku á sveitabæjum.

Í samþykktu svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar er kafli um vatnsverndarsvæði og er þar gert ráð fyrir ströngum forgangi þeirra mála umfram aðra landnýtingu. Ýmis svæði eru í skipulaginu felld undir vatnsverndarreglur og þeim skipt í fjóra flokka.

Til framtíðar litið er nauðsynlegt að rannsaka betur en gert hefur verið þau svæði sem vatnsverndin nær til í því skyni að neysluvatn íbúa sunnan Skarðsheiðar þ.m.t. Akraness verði tryggð. Áhugi er á því hjá sveitarstjórnunum á svæðinu að kanna hvort unnt sé að leggja vatnsveitu um svæðið sem tryggt getur gott neysluvatn. Með auknum umsvifum m.a. á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga er ljóst að taka þarf þessu mál til ítarlegrar skoðunar og hafa sveitarstjórnir undirritað eftirfarandi viljayfirlýsingu:

"Sveitarfélögin eru sammála um að leita eftir því við iðnaðarráðuneytið að ráðuneytið láti rannsaka í samvinnu við sveitarfélögin og í samræmi við fyrirliggjandi svæðisskipulag hvaða kostir eru fyrir hendi varðandi framtíðar vatnsveitu fyrir sveitarfélögin. Rannsóknunum verði ætlað að leiða í ljós hvar hagkvæmast er að afla vatnsréttinda sem nýst gætu fyrir framtíðar uppbyggingu á Grundartangarsvæðinu og fyrir vatnsveitu hreppanna sunnan Skarðsheiðar og Akraneskaupstað. Með yfirlýsingu þessari er það vilji sveitarfélaganna að undirbúa samkvæmt nánara samkomulagi sameiginlega vatnstöku þar sem rannsóknir leiða í ljós að hagkvæmast þyki og leggja stofnlögn vatnsveitu þar sem hentugt mun þykja og samkomulag verður um. Sveitarfélögin lýsa yfir vilja sínum til að vinna sameiginlega að lausn þessara mála, gera um einstaka þætti nánara samkomulag og grípa til nauðsynlegra aðgerða í því skyni að tryggja framgang málsins á hverjum tíma."

Samkvæmt framangreindu er ljóst að unnið verður sameiginlega að lausnum vegna vatnsmála á svæðinu en ítrekað, að áhersla er lögð á að tryggja öruggt og gott neysluvatn til mannelis og matvælagæðar.



Akranesi, 14. febrúar 1997.

Virðingarfyllt,

Gísli Gíslason bæjarstjóri



X UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Vonarstræti 4, 150 Reykjavík, Kt. 571189-1519, Sími 560 9600, Graent nr. 800 6960, Bréfstími 562 4566

Flórustuvernd ríkisins
 Iðnaðarráðuneyti
 Heilbrigðisefirlit Akranessvæðis
 Heilbrigðisefirlit Kjósarsvæðis
 Sveitarstjórn Akranessbæjar,
 Sveitarstjórn Innri-Akranesshrepps
 Sveitarstjórn Skilmannahrepps,
 Sveitarstjórn Hvalfjarðarstrandarhrepps
 Sveitarstjórn Kjósarhrepps
 Sveitarstjórn Kjalarnesshrepps

Tíðisun
 97030046
 20-1

Dagsetning
 26.3.1997
 SS/--

AKRANESKAUPSTAÐUR	
Bem. 624.5 Rk	Mott. 1.4.97
Abn. JPP, pp	Lögn til: JPP, pp
Enk.	Með bréfi:
Með smúgli:	LVM:
Svartr:	TNM:
Afangastu:	

Hér með sendist yður starfsleyfi fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga gefið út í dag.

F. h. r.

Sigurður Sæund

Fylgiskjöl:

1. Starfsleyfi fyrir álver Norðuráls hf., dags. 26. mars 1997.
2. Yfirlýsing frá fundi með Árna Vilhjálmssyni, hrl., f.h. eigenda haldinn 26. mars 1997.
3. Bréf ráðuneytisins til Norðuráls hf., dags. 26. mars 1997.

**STARFSLEYFI
FYRIR ÁLVER NORÐURÁLS HF. Á GRUNDARTANGA.**

Gefið út af umhverfisráðherra samkvæmt 72. gr.
mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994,
með breytingum nr. 378/1994, 536/1994, 394/1996 og 26/1997.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu á allt að 180.000 tonnum af fljótandi áli á ári í kerskálum álvers Norðuráls hf. á Grundartanga og fyrir vinnslu í steypuskála álvers sem reist verður í þremur áföngum; 60.000, 30.000, og 90.000 tonn/ári, sbr. grein 1.4.
- 1.2 Bygging og rekstur álversins skal vera í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, með síðari breytingum, og reglugerða settra samkvæmt þeim. Bygging og rekstur álvers Norðuráls hf. skal vera í samræmi við bestu fánlegu tækni sem völ er á í kerskálum og þurrhrensivirkjum, sbr. 2. mgr. 25. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, og eins og hún er skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum (PARCOM), og tilskipun ráðsins um mengunarvarnir og eftirlit nr. 96/61/ESB, til að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru í starfsleyfi þessu. Þar sem kveðið er á um að Norðurál hf. skuli senda tilkynningar og skýrslur skal senda þær til Hollustuverndar ríkisins og afrit til Heilbrigðisefirlits Akranessvæðis og Heilbrigðisefirlits Kjósarsvæðis.
- 1.3 Komi fram skaðleg áhrif á umhverfi verksmiðjunnar eða hættu sem ekki var áður ljós skal Hollustuvernd ríkisins, að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðisnefnd, halda fund með Norðuráli hf. og leita lausna til úrbóta. Í framhaldi af slíkum viðræðum skal Hollustuvernd ríkisins gera tillögur til ráðherra um endurskoðun starfsleyfis telji stofnunin þörf á.
- 1.4 Ef vöktun á rekstrarátíma fyrsta áfanga álversins sýnir að forsendur og áætlanir hvað varðar mengun standist ekki er óheimilt að hefja framkvæmdir við stækkun álversins fyrir en að loknu frekara mati á umhverfisáhrifum. Á grunni þeirra rannsókna skal Hollustuvernd ríkisins gera tillögur til ráðherra um endurskoðun starfsleyfis telji stofnunin þörf á.
- 1.5 Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins ef fyrirhugað er að stöðva eða minnka starfsemi verksmiðjunnar til að draga úr framleiðslu fljótandi áls. Þetta skal gert með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara ef Norðurál hf. hefur tekið ákvörðun fyrir þann tíma.
- 1.6 Sérstakur fulltrúi Norðuráls hf. skal vera tengiliður og bera ábyrgð á samskiptum Norðuráls hf. við Hollustuvernd ríkisins hvað varðar eftirlit með mengunarvörum innan fyrirtækisins.
- 1.7 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

- 1.8 Þynningarsvæði Norðuráls hf. vegna flúoríðloftmengunar, sbr. 30. gr. mengunarvarnareglingerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, er tilgreint á uppdrætti í viðauka I.
- 1.9 Þynningarsvæði vegna loftmengunar af völdum annarra efna en flúoríða skal vera hið sama og þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga sem er tilgreint á uppdrætti í viðauka II.
- 1.10 Norðurál hf. skal á tveggja ára fresti halda kynningarfund um umhverfismál álfersins. Fyrsti fundur skal haldinn ári eftir að starfsemi í kerskála hefst. Norðurál hf. skal boða á fundinn fulltrúa umhverfissráðuneytisins, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Vinnueftirlits ríkisins, Heilbrigðisefirlits Akranessvæðis, Heilbrigðisefirlits Kjósarsvæðis, sveitarstjórna Akranessbæjar, Borgarbyggðar, Innri-Akranesshrepps, Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandahrepps, Kjósahrepps og Kjálarnesshrepps og íbúasamtaka á svæðinu. Á fundinum skal kynna aðilum varnir gegn mengun ytra umhverfis, árangur í mengunarvörnum og niðurstöður mælinga og umhverfisvöktunar.
- 1.11 Hætti Norðurál hf. framkvæmdum og/eða starfsemi á gildistíma starfsleyfis skal fyrirtækið loka flæðigryfjum, skila spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.3.2, til spilliefnamóttöku, fjarlægja hættuleg efni og ganga frá lóð, efnum, vélum, tækjum og búnaði sem tengjast starfseminni í samræmi við kröfur Hollustuverndar ríkisins. Sama gildir við lok starfsleyfis verði það ekki framlengt eða verði leyfið fellt úr gildi.

2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMhverfis

2.1 LOFT

- 2.1.1 Rykmagn í útblásturslofti, sem berst út í andrúmsloftið frá tilteknum uppsprettum, að undanskildum útblæstri frá kerskálum og þurrhreinsibúnaði þar sem ákvæði greinar 2.1.6 gilda, skal vera minna en 50 mg/Nm^3 miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.
- 2.1.2 Hönnun á þekjum og afsogsbúnaði frá rafgreiningarkerum og skipulag við opnun kera skal miðast við að minna en 1,5% af kergasi sleppi út í kerskála. Við rekstur keranna skal uppfylla kröfur um útblástursmengun sem fram koma í grein 2.1.6. Einungis skulu notuð forbökuð rafskaut í rafgreiningarkerum.
- 2.1.3 Súrálsflutningar, mótun á ker og fjöldi spennurisa skal vera með þeim hætti að ryk og kergas sem sleppur út í kerskála verði í lágmarki.
- 2.1.4 Reyksöfnunarkerfið skal, í venjulegum rekstri, rekið með nægilegum afköstum til að unnt sé að tvöfalda sog á þeim kerum þar sem kerþekja er opnuð. Að minnsta kosti ársfjórðungslega skal skrá meðalopnun kera yfir sólarhring (þekjumínútur/kerdag).
- 2.1.5 Ryk og loftkennt flúoríð í afsogslofti frá rafgreiningarkerum skal hreinsað með súráli og pokasíum. Súrál fer í hringrás og er tekið til vinnslu. Hönnun hreinsistöðva skal vera með þeim hætti að hreinsun uppfylli ákvæði greinar 2.1.6 jafnvel þótt ein eining hreinsistöðvar sé tekin úr sambandi.

- 2.1.6 Norðurál hf. skal gera ráðstafanir til að draga úr losun mengunarefna. Mengunaryarnabúnaður skal ætíð vera í notkun. Eftir fyrsta starfsár hvers áfanga skal magn mengunarefna í útblásturslofti (hreinsuðu gasi frá kerum og ræstilofti frá kerskála) ekki vera yfir neðangreindum mörkum:

Mengunarefni	Ársmeðaltal kg/t Al	Skammtímaeðaltal* kg/t Al
Heildarflúoríð	0,6	0,8
Ryk	1,0	1,3
Brennisteinstvíoxíð	21,0	28,0

*Skammtímaeðaltal er skilgreint í töflu í grein 3.1 eða í áætlun samþykktari af Hollustuvernd ríkisins.

Útblástur skal ætíð vera í samræmi við ofangreind mörk við reglubundna endurnýjun og gangsetningu kera.

Ef gangsetning kera í eldri hlutum verksmiðjunnar sem ekki hafa verið nýtt, fer fram á vaxtar- og beitar tíma sem er á tímabilinu frá 1. maí til 1. október, skal útblástur takmarkast af skammtímaeðaltali, sbr. töfluna hér að ofan. Við útreikning skammtímaeðaltals skal miða við það magn af áli (tonn/ár) sem gert er ráð fyrir að framleiða að lokinni gangsetningu. Utan vaxtar- og beitar tíma er heimilt að gangsetja ker til að nota ónýtta framleiðslugetu óháð skammtímaeðaltali.

- 2.1.7 Ef mengun mælist yfir skammtímaeðaltali þrjá mánuði í röð eða yfir ársmeðaltali í sitt almanaksár skal Norðurál hf., í samræði við Hollustuvernd ríkisins, hrinda í framkvæmd innan eins mánaðar áætlun um að draga úr útblástursmengun. Ef útblástur uppfyllir ekki enn skilyrði greinar 2.1.6 skal Hollustuvernd ríkisins krefjast frekari aðgerða til úrbóta og fylgja þeim eftir samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990.
- 2.1.8 Innihald brennisteins í eldsneyti skal vera í samræmi við gæði eldsneytis sem selt er á íslenskum markaði.
- 2.1.9 Norðuráli hf. ber að senda Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um innihald brennisteins í rafskautum og eldsneyti sem fyrirtækið notar.
- 2.1.10 Ef rafskaut með nægilega lágu innihaldi brennisteins til þess að standast útblástursmörk samkvæmt grein 2.1.6 eru ekki fáanleg á samkeppnishæfu verði á heimsmarkaði skal starfsleyfið endurskoðað.
- 2.1.11 Löndunar- og flutningskerfi fyrir súrál til kerskála álversins skal vera lokað þannig að súrálstryk sem berst til umhverfisins verði í lágmarki. Uppskiptum á öðrum efnum skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðhöndlun slíkra efna.
- 2.2 VATN
- 2.2.1 Fráveitur skulu vera í samræmi við kröfur í mengunaryarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum, og ákvæði í lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum. Forvarnir gegn olíumengun skulu vera samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um ráðstafanir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Allur hreinsibúnaður skal vera í samræmi við

leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins eða hafa hlotið viðurkenningu Hollustuverndar ríkisins.

- 2.2.2 Seyru og annan úrgang í hreinsibúnaði fráveitu skal fjarlægja eftir þörfum og skal henni komið fyrir á viðurkenndum förgunarstað í samræmi við kröfur mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.
- 2.2.3 Kælivatn frá afriðlum og steypuskála má leiða til sjávar óþynnt, enda uppfylli það eftirfarandi skilyrði:
Olía og feiti < 15 mg/l

Leita ber samþykkis Hollustuverndar ríkisins á efnasamböndum sem notuð eru í kælikerfum. Sjó má hafa í kælikerfum og til annarra iðnaðarnota og veita aftur í hafið. Fráveitur með sjó skulu uppfylla allar losunarkröfur varns. Ferskvatn sem nýtt hefur verið til kælingar má veita aftur í ferskvatn í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

- 2.2.4 Kælivatn leitt frá lokuðu kælikerfi frá steypuskála má leiða til sjávar og skal það uppfylla eftirfarandi kröfur eftir meðhöndlun:

pH		6-9
ál	<	100 mg/l
flúoríð	<	100 mg/l
svifagnir	<	200 mg/l

2.3 ÚRGANGUR SEM FELLUR TIL VIÐ FRAMLEIÐSLUNA OG ANNAR ÚRGANGUR

- 2.3.1 Norðurál hf. skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr. ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, og nýta endurnýtanlegan hluta hans, svo sem brotajárn, einangrun úr kerum, bakskauf, forskaut og úrgang sem inniheldur ál í miklum mæli.
- 2.3.2 Leyfilegt er að koma sérstökum föstum úrgangi, sem ekki verður nýttur, fyrir í fyllingum, flæðigryfjum, við ströndina í nágrenni verksmiðjunnar. Slíkur fastur úrgangur er m.a. kerbrot, óendurnýtanlegur málmSORI, kola- og súralsryk og byggingarefni. Staðsetning slíkra fyllinga skal ákveðin í samráði við Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og hafnaryfirvöld á staðnum. Fyllingin skal varin ágangi sjávar. Hlutar af fyllingu þar sem förgun er lokið skulu huldur þekjuefni sem fellur inn í umhverfið. Sérstakan úrgang sem getur dreifst með vindi skal þekja án tafar eða farga með öðrum hætu. Hindra skal aðgang almennings að förgunarstað.
- 2.3.3 Almennum framleiðsluúrgangi, sorpi og umbúðum skal skilað á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Úrðun, önnur en tilgreind er í grein 2.3.2, og opin brennsla til förgunar hvers konar úrgangs á verksmiðjusvæðinu er óheimil.
- 2.3.4 Spilliefnum, öðrum en þeim sem tilgreind eru í grein 2.3.2, og verða til við vinnsluna eða starfsemi henni tengdri skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

2.4 HÁVAÐI

- 2.4.1 Norðurál hf. skal draga úr hávaða frá verksmiðjunni og tryggja að hávaði sé í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

3. MÆLINGAR OG UPPLÝSINGAGJÖF

3.1 Norðurl hf. skal framfylgja eftirfarandi mæliáætlun til eftirlits með mengun:

Mengunarefni	Mælistaður	Tímabil meðaltals	Mælieining	Tíðni sýnatöku
Lofkennt flúoríð	Hreinsað kergas í reykháfi	Mánuður	kg F/t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Flúoríð í ryki	Hreinsað kergas í reykháfi	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árleg úr einum reykháfi, nægilega stór sýnaröð til að fá tölfraðilega marktækt gildi.
Ryk	Hreinsað kergas í reykháfi	Mánuður	kg/t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Brennisteins-tvíoxíð	Hreinsað kergas í reykháfi	Mánuður	kgSO ₂ /t Al	Stöðug í einum reykháfi frá hverri hreinsistöð.
Lofkennt flúoríð	Ræstiloft frá kerskála í þaki skála	Mánuður	kg F/t Al	Samfelld mæling á dæmigerðum stöðum.
Flúoríð í ryki	Ræstiloft frá kerskála	Árleg marktæk mæling	kg F/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfraðilega marktækt gildi.
Ryk	Ræstiloft frá kerskála	Árleg mæling á marktækum breytum, útreikningar	kg/t Al	Árleg, nægilega mörg sýni til að fá tölfraðilega marktækt gildi.
Ryk annað en frá þurrhreinsi-búnaði	Tilteknar uppsprettur	Marktæk mæling	mg/Nm ³	Óregluleg.
Kælivatn	Afriðlar og steypuskáli	Marktæk mæling	mg/l	Tvisvar á ári.

Mæliáætlun og mæliaðferðir skulu endurskoðaðar í fyrsta sinn þegar eitthvert ár er liðið frá því að þær tóku gildi og síðan á tveggja ára fresti eftir það ef Norðurl hf. eða Hollustuvernd ríkisins óska eftir slíkri endurskoðun.

Norðurl hf. skal, í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, láta taka viðmiðunarsýni af völdum lífverum í fjöruborði við kerbrotagryfjur til að meta hugsanleg áhrif þeirra á lífríki a.m.k. tvisvar á áætluðum notkunartíma hverrar gryfju og a.m.k. einu sinni eftir að notkun lýkur. Niðurstöður fyrstu mælinga skulu liggja fyrir innan 5 ára frá því að förgun kerbrota hefst.

Norðurl hf. skal, í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins, gera yfirlit yfir þær hávaðauppsprettur sem kunna að valda hávaða yfir leyfilegum mörkum, sbr. grein 2.4.1, utan iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Dreifing hávaða verði kordögð frá starfseminni í samræmi við framangreint yfirlit. Ef gerðar eru

meiriháttar breytingar sem geta haft áhrif á hávaða, skal endurmeta dreifingu hans frá álverinu.

- 3.2 Til þess að mæla stöðugt loftkennt flúoríð, ryk og brennisteinstvíoxíð skal koma fyrir sjálfvirkum mælitækjum í minnst einum reykháfi í hverri hreinsistöð. Hanna ber viðunandi aðstöðu til mælinga á flúoríðgasi í ræstilofti úr kerskála.
- 3.3 Komið skal upp viðunandi aðstöðu til að hafa eftirlit með mengunarmælingum. Norðurál hf. ber ábyrgð á mælingum samkvæmt grein 3.1 og þar sem við á, grein 5.2.
- 3.4 Norðurál hf. skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins ef niðurstöður mælinga samkvæmt 3.1 eru ekki í samræmi við kröfur samkvæmt starfsleyfi og staðfesta slíkar upplýsingar skriflega innan sjö daga frá því að niðurstöður hafa verið sannreyndar. Niðurstöður mælinga og efnagreininga skulu varðveittar í eitt ár hið minnsta þannig að gögn séu rekjanleg til grunnniðurstaðna og skulu öll gögn vera aðgengileg Hollustuvernd ríkisins.
- 3.5 Hollustuvernd ríkisins skal yfirfara niðurstöður mælinga á útblæstri frá álverinu og mæliaðferðir Norðuráls hf. Slíkt endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en árlega. Hollustuvernd ríkisins eða viðurkenndur þriðji aðili skal framkvæma nákvæma úttekt á losun mengunarefna frá verksmiðjunni samkvæmt ákvæðum 5. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.
- 3.6 Ársfjórðungslega skal Norðurál hf. senda Hollustuvernd ríkisins niðurstöður mælinga á útblæstri í samræmi við gr. 3.1. Niðurstöður mælinga skulu skráðar í kg/t Al.
- 3.7 Formáðamenn Norðuráls hf. skulu a.m.k. árlega efna til fundar með umhverfissráðuneytinu, Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis og Heilbrigðiseftirliti Akranessvæðis til þess að gera grein fyrir niðurstöðum mengunarmælinga samkvæmt grein 3.1, rekstri þurrhreinsibúnaðar og öðrum málum tengdum mengunarvörnum.

4. EFTIRLIT MED REKSTRI

- 4.1 Rekstur, þjónusta og viðhald kera, þekja og þurrhreinsibúnaðar skal vera í samræmi við áætlanir Norðuráls hf. Þær skulu vera aðgengilegar fyrir Hollustuvernd ríkisins.
- 4.2 Hafa skal sérstakt herbergi fyrir eftirlit með þurrhreinsistöðvum.
- 4.3 Hollustuvernd ríkisins skal tilkynnt innan 24 klukkustunda um hvers konar bilun eða stöðvun í þurrhreinsibúnaði fyrir kergas sem varir lengur en 1 klukkustund og kemur í veg fyrir að búnaðurinn geti sogað og breinsað a.m.k. 80% af kergasi frá hverjum kerskála. Ef talið er að mengun vegna slíkrar bilunar eða stöðvunar fari fram úr skammtíma meðaltali á einni viku samkvæmt ákvæðum í grein 2.1.6, reiknað fyrir einn mánuð, getur Hollustuvernd ríkisins krafist úrbóta og skal fylgja þeim eftir í samræmi við 25. gr. laga nr. 81/1988, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 28/1990.
- 4.4 Viðmiðunarmörk fyrir hávaða og losun mengunarefna í vatn og loft skulu gilda við eðlilegar rekstrarstöður. Til eðlilegra rekstrarstöðna teljast mengunartoppur og önnur frávik sem teljast til eðlilegra sveiflna í rekstrinum, þ.m.t. þegar notað er óheppilegt hráefni. Kröfurnar gilda einnig þótt upphafleg virkni búnaðar sem dregur úr mengun hafi minnkað vegna slits.

5. UMhverfISVÖKTUN

- 5.1 Framkvæma skal bakgrunnsrannsóknir og meta ástand umhverfisins áður en rekstur álversins hefst samkvæmt sérstökum samningi milli Hollustuverndar ríkisins og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.
- 5.2 Norðurál hf. skal standa fyrir samfelldum mælingum á styrk flúoríðs í andrúmslofti og árlegum mælingum á flúoríði í vatni, gróðri (grasi, laufi og barri) og í beinum grasbita í nágrenni álversins. Norðurál hf. skal, ásamt öðrum hlutaðeigandi á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga, taka þátt í reglubundnum mælingum á SO₂ og ryki í andrúmslofti og SO₄²⁻ og sýrustigi (pH) í úrkomu, vatni og jarðvegi. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt áætlun sem Hollustuvernd ríkisins hefur samþykkt. Við staðsetningu fastra mælistöðva skal einnig gert ráð fyrir mælistöðvum sunnan Hvalfjarðar.
- 5.3 Aðrar mælingar eða rannsóknir til samanburðar við bakgrunnsrannsóknir skulu framkvæmdar samkvæmt sérstökum samningi milli Hollustuverndar ríkisins og hlutaðeigandi iðnrekenda á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga.
- 5.4 Norðurál hf. skal semja og senda Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um umhverfisvöktun samkvæmt grein 5.2.

6. GJÖLD OG KOSTNAÐUR

- 6.1 Norðurál hf. skal greiða Hollustuvernd ríkisins gjald vegna útgáfu og kynningar á starfsleyfi þessu og árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Hollustuverndar ríkisins, sem umhverfisráðherra staðfestir. Álver eru flokkuð í 1. flokk samkvæmt viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum.
- 6.2 Norðurál hf. skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni álversins samkvæmt grein 3.1 og 5. kafla eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum aðila sem Hollustuvernd ríkisins samþykkir.

7. GILDISTAKA

- 7.1 Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt 8. kafla mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðisefurlit, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar starfsemi hefst í kerskála álversins og gildir í tju ár en ekki lengur en til 1. maí 2009.

ÁKVÆDI TIL BRÁÐABIRGÐA

- I. Þyningarsvæði vegna loftmengunar af völdum annarra efna en flúoríða, sbr. grein 1.9, skal skilgreint samhliða endurskoðun starfsleyfis fyrir Íslenska Jámblendifélagið á Grundartanga. Þyningarsvæðið er tilgreint til bráðabirgða á uppdrætti í viðauka II.

Í umhverfisráðuneytinu, 26. mars 1997




Euon Þarnes
Magnús Jóhannsson

Viðauki I

Þyningarsvæði Norðurlás vegna flúoríðmengunar,
byggt á dreifingarspá fyrir flúoríð frá 180.000 tonna ársframleiðslu á ári


Þyningarsvæði utan
iðnaðarsvæðis skástríkað



Viðauki II

Spá um dreifingu brennisteinsdfoxíðs frá járnblendiverksmiðjunni og 180.000 tonna álveri,
byggt á leyfilegri hámarkslosun samkvæmt starfsleyfum beggja verksmiðjanna.

Járnblendi —————
Álver - - - - -



P. 11/19

26 MAR '57 25 30
354 562 4566 LIMVERK ISRAÐI NEYLLI

**Sameiginleg yfirlýsing fundar
umhverfísráðuneytisins og Norðuráls hf.**

Varðar: Útgáfu starfsleyfis fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga.


Á fundi ráðuneytisins með Árna Vilhjálmssyni, hrl., fyrir hönd eigenda Norðuráls hf., sem haldinn var í dag, var honum kynnt starfsleyfið í samræmi við 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Á fundinum gerði ráðuneytið grein fyrir eftirfarandi:

1. Starfsleyfið er útgefið á grundvelli afgreiðslu stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997 með breytingum sem leyfið ber með sér og kynntar hafa verið fulltrúa Norðuráls hf.
2. Heimilt er samkvæmt 26. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, að vísa ákvörðun stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997, sbr. bréf stofnunarinnar til ráðuneytisins dags. 6. mars sl., til sérstakrar úrskurðarnefndar er starfar samkvæmt þeim lögum, sbr. 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. breytingu nr. 26/1997, með síðari breytingum. Kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar rennur út 7. júní 1997. Ef fyrrgreindri ákvörðun er vísað til úrskurðarnefndar gæti ráðuneytið þurft að taka tillit til niðurstöðu nefndarinnar í samræmi við íslensk lög og stjórnsýsluhætti.
3. Starfsleyfið verður að sjálfsgöðu borið undir íslenska dómstóla samkvæmt 60. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994.

Þetta staðfestist hér með.


26. mars 1997

F. h. Norðuráls hf.



Árni Vilhjálmsson hrl.

F. h. umhverfísráðuneytisins



Magnús Jóhannesson
ráðuneytisstjóri

**UMHVERFÍSRAÐUNEYTIÐ**

Vonarstræti 4, 150 Reykjavík, Kt. 571189-1519, Sími 560 9600, Graent nr. 800 6960, Bréfsími 562 4566

Norðurál hf.
Árna Vilhjálmsson hrl.
Borgartúni 24
105 Reykjavík

Tilvísun
97030046
46-1

Dagsetning
26.3.1997
MJ/gli--

Hér með sendist yður starfsleyfi fyrir álver Norðuráls hf. á Grundartanga gefið út í dag. Vakin er athygli á að heimilt er samkvæmt 26. gr. laga nr. 28/1988, um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit, að vísa ákvörðun stjórnar Hollustuverndar ríkisins frá 21. febrúar 1997, sbr. bréf stofnunarinnar til ráðuneytisins dags. 6. mars sl. til sérstakrar úrskurðarnefndar er starfar samkvæmt þeim lögum, sbr. 65. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, sbr. breytingu nr. 26/1997, með síðari breytingum. Kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar rennur út 7. júní 1997.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi sameiginlegrar yfirlýsingar fundar umhverfísráðuneytisins og Norðuráls hf. sem haldinn var í dag, þegar starfsleyfið var formlega afhent Norðuráli hf.

Norðuráli hf. ber að greiða Hollustuvernd ríkisins kr. 490.000.- vegna útgáfu og kynningu á starfsleyfinu sbr. grein 6.1. í starfsleyfinu.

F. h. r.

Fylgiskjöl:

1. Starfsleyfi fyrir álver Norðuráls hf., dags. 26. mars 1997.
2. Fundargerð frá fundi með Árna Vilhjálmssyni, hrl., f.h. eigenda haldinn 26. mars 1997.


Heilbrigðiseftirlit Akranessvæðis.

Til úrskurðanefndar
Hollustuverndar ríkisins

Akranessi, 21. mars 1997.

Á fundi heilbrigðisnefndar Akranessvæðis, þann 11. mars s.l. var samþykkt að gera eftirfarandi athugasemdir við starfsleyfi Norðuráls h.f.

- 1) Við greinar 2.1.2. og 2.1.10. Greinarnar eru ófullnægjandi, í fyrsta lagi þá verða brennisteinstvíoxíðsmörk á útblæstri nær eingöngu miðuð við verðlag á rafskautum en ekki háð umhverfissjónarmiðum. Í öðru lagi er þetta mjög óheppilegt í ljósi þeirra krafna að beita hefði átt vothreinsibúnaði til að hreinsa burtu brennisteinstvíoxíð.
- 2) Heilbrigðisnefnd fer fram á að unnin verði betri greinargerð á mismuninum á því að reka álver með vothreinsibúnaði og án hans. Teknir saman kostir og gallar.
- 3) Í starfsleyfinu segir að meta eigi áhrif á kerbrotagryfju á lífríki a.m.k. einu sinni eftir að notkun lýkur. Ef til vill er þetta nægjanlegt en rétt er að fylgjast betur með fyrstu gryfjum og og nýta reynsluna til að ákvarða áframhaldandi sýnatöku á nýjum gryfjum.
- 4) Að varðveita gögn einungis í eitt ár eftir að þeirra hefur verið aflað getur valdið tortryggni í garð Norðuráls. Fyrirtækið hefur varla mikil óþægindi eða kostnað við að geyma niðurstöður í lengri tíma, en það er að auki heppilegra fyrir eftirlitsaðila.
- 5) Varðandi grein 4.3. væri réttara að greinin hljóðaði á þá leið að ef Norðurál starfaði ekki í samræmi við hana, þá skuli farið fram á úrbætur og heimilt verði að fylgja þeim eftir í samræmi við lög nr. 81 frá 1988.
- 6) Í grein 5.1. vantar að minnast á rannsóknir á sjávarlífi við iðnaðarsvæðið.
- 7) Eftirlitið er alfarið hjá Hollustuvernd ríkisins og er það óásættanlegt fyrir heilbrigðisnefnd:
 - a) Á fundi með umhverfisnefnd Alþingis kom fram sá skilningur nefndarmanna að heilbrigðisnefnd bæri ábyrgð á ástandi mengunarmála á sínu svæði.
 - b) Flestar kvartanir berast til heilbrigðiseftirlitsins.
 - c) Eins og marg oft hefur komið fram er Hollustuvernd of faliðuð til að sinna núverandi verkefnum og væri því ráð að færa eftirlit með stóriðju á svæðinu sem mest til heilbrigðiseftirlitsins þó undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.
 - d) Ákveðnir þættir í starfsemi Norðuráls eru undir eftirliti heilbrigðisnefndar Akranessvæðis og er eðlilegt að eftirlitið færist í sem mestu mæli þangað.


Georg V. Janusson, formaður.